

## FRÁ RITSTJÓRUM

Í þessu hefti *Uppeldis og menntunar* er viðtal, fjórar ritrýndar greinar og fjórir ritdómar. Í fyrsta hluta tímaritsins er viðtal við Jóhönnu Einarsdóttur sem tók við starfi forseta Menntavísindasviðs haustið 2013. Í viðtalinu við Jóhönnu, sem ber yfirskriftina „Við erum fámenn þjóð og höfum ekki efni á öðru en að nýta styrk og hæfileika allra einstaklinga“ er rætt við hana um lífsgildi hennar, bakgrunn og framtíðarsýn á menntavísindi. Ritryndu greinarnar fjalla um ólík efni á sviði menntavísinda: sjálfræði og fólk með þroskahömlun, lífsgæði einhverfra barna og áhrif erfiðrar hegðunar nemenda á líðan kennara. Auk þess er í fyrsta sinn birt ritrynd grein á ensku í tímaritinu en hún ber yfirskriftina „Behind the quest for tales, stories and lives: Reflections on narrative research with people with intellectual disabilities.“

Auk birtingar á vefnum timarit.is er ritið nú birt í pdf-formi í Skemmunni, eldri hefti frá 2005–2009 og stakar greinar frá og með 2010. Birtingartöfin er um það bil ár. Á vef tímaritsins eru svo birt án tafar ágríp greina, bæði á íslensku og ensku. Sótt hefur verið um að tímaritið verði tekið inn í ISI-gagnagrunninn og er beðið niðurstöðu.

Ritstjórar þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við útgáfu og dreifingu þessa heftis.